

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 2015 í máli nr. E-1747/2012:

Glitnir hf.

(Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.)

gegn

Landesbank Baden-Wurttemberg

(Kári Hólmar Ragnarsson hdl.)

Mál þetta, sem þingfest var 24. maí 2012, var tekið til dóms 6. nóvember sl.

Stefnandi er Glitnir hf., Sóltúni 26, Reykjavík, en stefndi er Landesbank Baden-Württemberg, Am Hauptbahnhof 2, Stuttgart, Þýskalandi.

Stefnandi krefst þess að rift verði greiðslu skuldar sem hann greiddi þann 30. september 2008 með því að endurgreiða skuldabréf í eigu stefnda á hendur stefnanda að fjárhæð 997.561,07 dollarar fyrir gjalddaga þess. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 997.561,07 dollara auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu frá 1. desember 2011 til greiðsludags. Til vara við síðastnefnda dómkröfu krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 997.561,07 dollara auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá dagsetningu stefnu til greiðsludags. Loks krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega frávísunar á kröfum stefnanda en til vara sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar.

Dómurinn hafnaði kröfu stefnda um frávísun málsins með úrskurði, dags. 14 mars 2013. Þann 11. júní 2015 ákvað dómurinn að sakarefni málsins skyldi skipt í samræmi við ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð einkamála, þannig að einungis yrði fjallað um varnir stefnda sem lúta að sýknu vegna aðildarskorts.

Málsatvik

Stefnandi lýsir atvikum svo að í október 2005 hafi stefnandi gefið út skuldabréfaflokk (e. bond series) nr. MTN 0250 USD 2008-10-15 750 M, með breytilegum vöxtum að fjárhæð 750.000.000 dollarar. Útgáfan hafi verið á grundvelli rammasamnings USD 7.500.000.000 (e. Global Medium Term Note Programme) og verið byggð á skilmálum samkvæmt útgáfulýsingu (e. offering circular supplement), dags. 28. september 2005, og lokaskilmálum. Gjaldalagi skuldabréfsins hafi verið 15. október 2008 samkvæmt lokaskilmálum þess.

Stefnandi kveður stefnda hafa keypt skuldabréf í útgáfunni að fjárhæð 1.000.000 dollarar að nafnverði. Stefnandi hafi keypt þau skuldabréf af stefnda og endurgreitt andvirði þeirra þann 30. september 2008, en viðskiptin hafi átt sér stað þann 25. september 2008. Greiðslan hafi numið samtals 997.561,07 dollurum og farið þannig fram að stefnandi hafi keypt skuldabréfið til baka. Þar hafi verið um endurkaup (e. redemption) að ræða.

Stefndi mótmælir því ekki að hann hafi tekið við umræddri greiðslu frá stefnda þann 30. september 2008 á grundvelli viðskipta sem áttu sér stað 25. september 2008. Hann vísar hins vegar til þess að hann hafi einungis sinnt hlutverki milligönguadila við þau skuldabréfaviðskipti sem fjallað sé um í málinu. Hinn eiginlegi seljandi skuldabréfsins, sem fengið hafi í sínar hendur þá greiðslu sem stefnandi leitist við að rifta, hafi ekki verið stefndi heldur gagnaðili í viðskiptum stefnanda, Pembroke Capital Advisors Limited, sem upphaflega hafi haft samband við stefnda og óskað eftir að hann hefði milligöngu um umrædd viðskipti. Kveður stefndi viðskiptin hafa átt sér stað með þeim hætti að Pembroke hafði samband við verðbréfasala hjá útibúi stefnda í London 25. september 2008 og óskaði eftir aðstoð stefnda við sölu á skuldabréfi, sbr. útskrift af símasamtölum þar um. Í samtalinu komi fram að Pembroke hafði áður samið um viðskipti við Glitni, þ.e. um að Glitnir keypti tiltekin bréf, m.a. skuldabréfin sem um er fjallað í máli þessu, en Pembroke vantaði hins vegar tæknilega aðstoð við sölu, þar sem fyrirtækið hefði ekki viðskiptalínur (e. credit lines) við Glitni. Stefnandi hafi því í raun verið í hlutverki milligönguadila við viðskiptin og hafði hann það hlutverk að koma viðskiptunum á í þágu beggja aðila.

Stefndi segir milligöngu sína í viðskiptunum hafa verið fölgna í því að kaupa skuldabréfið af Pembroke á genginu 99,025 og selja svo aftur til Glitnis á genginu 99,125. Af því leiðir að sú þóknun sem kom í hlut stefnda fyrir milligöngu hans við viðskiptin, 10 hundraðshlutar úr prósentu, var munurinn á kaup- og sölugenginu, því alls 1.000 bandaríkjadalir. Stefnandi mótmælir enn fremur öllum fullyrðingum stefnanda um að viðskiptin hafi verið fölgin í endurkaupum, en stefndi telur að um hafi verið að ræða hefðbundna sölu skuldabréfs á markaði.

Þann 7. október 2008 tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar stefnanda, vék stjórn hans frá og setti yfir hann skilanevnd með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Með gildistöku laga nr. 44/2009 var stefnandi síðan tekinn til slita og skyldi upphaf þeirra miðast við 22. apríl 2009 þegar löggin öðluðust gildi. Hinn 12. maí sama ár skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn yfir stefnda.

Með bréfi, dags. 5. ágúst 2011, leitaði slitastjórn stefnanda skýringa hjá stefnda vegna framangreindra viðskipta. Í bréfinu kom fram að slitastjórnin teldi að greiðslan sem fór fram 25. september 2008 hefði falið í sér endurkaup bréfanna sem hefðu verið í vörslu stefnda (e. „held by you“). Vísaði slitastjórnin í því sambandi til meðfylgjandi skjals þar sem fram kæmi að Glitnir hefði framkvæmt SWIFT-millifærslu að fjárhæð 997.561,07 bandaríkjadalir inn á reikning stefnda.

Í bréfi slitastjórnar er vakin athygli á því að endurkaupin hefðu átt sér stað 20 dögum áður en kom að gjalddaga skuldabréfsins. Samkvæmt skilmálum bréfsins hefði greiðsla þess fyrir gjalddaga (e. early redemption) aðeins verið heimil 1) þegar útgefandi tæki ákvörðun um að greiða þau upp af skattalegum ástæðum og þá aðeins ef greiðslan næði til allra skuldabréfa í þessum útgáfuflokki eða 2) þegar handhafi krefðist greiðslu vegna vanefndar á greiðslu samkvæmt skuldabréfinu.

Slitastjórnin upplýsti stefnda í kjölfarið um að þar sem hvorugt þessara skilyrða væri uppfyllt lægi ekki ljóst fyrir hvers vegna skuldabréfið hefði verið keypt til baka. Óskaði slitastjórnin af því tilefni eftir því að stefndi upplýsti um ástæður þessa og hvaða sjónarmið réðu kaupverði skuldabréfanna. Var jafnframt óskað eftir því að stefndi léti af hendi öll þau gögn sem skiptu máli um skýringar hans.

Stefndi svaraði bréfi slitastjórnarinnar með bréfi, dags. 9. september 2011. Kom þar fram sú afstaða hans að hann teldi að viðskiptin sem um ræddi hefðu ekki falið í sér endurkaup skuldabréfa Glitnis, enda hefðu viðskiptin þá farið fram gagnvart tiltekinni deild (e. treasury department) Glitnis á Íslandi. Þess í stað hefðu viðskiptin farið fram í London fyrir hönd viðskiptavinar stefnda og viðskiptaborðs útibús Glitnis í London. Þá lýsti stefndi þeirri afstöðu að viðskiptin hefðu falið í sér eðlileg markaðsviðskipti með skuldabréfið og álitæfni um hvort innlausn þess hefði verið lögmæt væru því málinu óviðkomandi.

Í framhaldi af bréfi stefnda óskaði slitastjórn stefnanda eftir frekari upplýsingum frá stefnda með bréfi, dags. 7. október 2011. Fór slitastjórnin þess sérstaklega á leit við stefnda að hann léti í té upplýsingar um hver hefði verið aðdragandi viðskiptanna sem fóru fram fyrir hönd viðskiptavinar stefnda, hver hefði átt frumkvæði að þeim, hvernig stefndi hefði skilið tilefni viðskiptanna fyrir gjalddaga og hvernig ákvörðun um verð var háttáð.

Stefndi svaraði bréfinu með bréfi, dags. 14. október 2011. Þar sagði að sá viðskiptavinur sem óskaði eftir viðskiptunum hefði átt í beinum samskiptum við útibú Glitnis í London áður en til viðskiptanna kom. Stefndi gæti hins vegar ekki, án samþykkis viðskiptavinar síns, upplýst slitastjórnina um hver hann væri. Þar sem viðskiptavinurinn hefði neitað að veita slíkt samþykki beindi stefndi þeim tilmælum til stefnanda að hann leitaði upplýsinganna um viðskiptin í eigin gögnum um þennan tiltekna dag viðskiptanna.

Í kjölfarið áttu frekari bréfaskipti sér stað á milli aðila og með bréfi, dags. 1. nóvember 2011, tilkynnti stefnandi að hann féllist ekki á skýringar stefnda og hygðist krefjast riftunar á greiðslunni samkvæmt XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Mál þetta var síðan höfðað 24. maí 2012.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu, Ari Guðmundsson og Arnar Gauti Finnsson, fyrrverandi starfsmenn Glitnis, og Matthew Edwards, fyrrverandi starfsmaður Pembroke.

Í vitnisburði Matthews Edwards fyrir dómi kom fram að vitnið hefði rætt við Janet Sadler, starfsmann stefnda, þann 25. september 2008, en tilefni samtalsins hafi verið að Glitnir og Pembroke hefðu verið í sambandi um að Glitnir keypti skuldabréf í vörslu Pembroke sem var í eigu fjársterks viðskiptavinar þess en félagið hefði sjálf ekki átt nein skuldabréf í Glitni. Að sögn vitnisins hafi ástæðan fyrir aðkomu stefnda verið sú að Pembroke gat ekki átt í milliliðalausum viðskiptum við Glitni þar sem hvorugt félagið hefði gert tilskildar áreiðanleikakannarnir á hinu samkvæmt breskum reglum um viðskipti á fjármálamarkaði. Af þeim sökum hefði ekki verið opin viðskiptalína á milli félaganna sem var forsenda þess að þau gætu átt í beinum viðskiptum sín á milli.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þess að við slit fjármálafyrirtækis ráðstafi slitastjórn hagsmunum þess eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti samkvæmt 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 44/2009. Samkvæmt 4. mgr. 103. gr. laga nr. 161/2002 geti slitastjórn rift ráðstöfunum fjármálafyrirtækis í slitameðferð eftir sömu reglum og gilda um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti, sbr. XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína aðallega á 134. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. en samkvæmt því ákvæði sé hægt að krefjast riftunar á greiðslu skuldar ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu þrotamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.

Stefnandi vísar til þess að reglu 134. gr. sé ætlað að taka til greiðslna á skuldum sem fara fram með öðrum hætti eða við aðrar aðstæður en upphaflega var gert ráð fyrir. Þannig eigi reglan við um tilvik þar sem erfið fjárhagsstaða skuldara hefur þau áhrif að greiðslan fer fram á annan veg en hún hefði gert ef fjárhagur skuldara hefði verið með eðlilegum hætti. Hafa beri í huga að regla 134. gr. gpl. sé hlutlæg og því nægjanlegt að sýnt sé fram á að skilyrði greinarinnar séu uppfyllt. Með því er átt við að nægilegt sé að sýna fram á að þau atvik hafi átt sér stað sem orðuð séu í ákvæðinu án þess að þurfa að sýna fram á hugsanlegan ásetning, saknæmi eða vitneskju aðila eða því um líkt.

Stefnandi bendir á að samkvæmt ákvæðinu sé nægjanlegt að einu þeirra þriggja skilyrða sem þar greinir sé fullnægt svo hægt sé að rifta gerningi. Í máli þessu sé krafist riftunar greiðslu skuldar þar sem fjárhæðin var greidd fyrr en eðlilegt gat talist. Stefnandi telur regluna eiga almennt við þegar greiðsla hefur farið fram fyrir gjalddaga og því sé nægjanlegt fyrir stefnanda að sýna fram á að endurgreiðsla

skuldabréfsins hafi átt sér stað áður en að gjalddaga skuldabréfsins kom.

Í því máli sem hér er til meðferðar er um að ræða skuld samkvæmt skuldabréfi sem aðeins var heimilt að greiða upp fyrir gjalddaga í tveim tilvikum. Annað tilvikið var ef Glitnir hefði ákveðið endurkaup á skuldabréfunum vegna skattalegra ástæðna en í þeim tilvikum var einungis heimilt að kaupa til baka öll skuldabréf sem gefin voru út undir sömu útgáfulýsingu. Hitt tilvikið var ef eigandi skuldabréfs hefði ákveðið að krefjast endurgreiðslu vegna vanskila útgefanda. Með þessum tilvikum var það síðan sammerkt að senda þurfti gagnaðila skriflega tilkynningu ef nýta átti heimildina.

Hvorugt þessara tilvika var fyrir hendi þegar kaupin áttu sér stað. Viðskiptin áttu sér stað þann 25. september 2008, og voru gerð upp þann 30. september 2008, í stað þess að eiga sér stað á gjalddaga, þann 15. október 2008. Telur stefnandi því að í máli þessu sé ekki einungis um það að ræða að skuld var greidd fyrir gjalddaga heldur hafi það verið gert þvert á skilmála þá sem giltu um hana. Engin heimild hafi staðið til þess.

Stefnandi telur það ekki skipta máli þótt skuldin hafi verið í formi skuldabréfs sem Glitnir endurgreiddi með því að kaupa það til baka. Kaupin hafi þrátt fyrir það falið í sér endurgreiðslu skuldabréfsins og um það hljóti því að gilda þeir skilmálar um endurkaup sem um hafi verið samið. Ef skilmálarnir um endurkaup hafi ekki átt við þegar skuldari keypti skuldabréfið verður að telja þá tilgangslausa með öllu, en slík skýring getur varla talist tæk. Sú meginregla eigi hér við að krafa falli niður með því að réttindi og skyldur komist á sömu hendi og breyti þar engu þó stefnandi hafi greitt kröfuna með því að kaupa skuldabréfið í stað þess að greiða það upp.

Stefnandi telur ekkert hafa komið fram sem gefi til kynna að greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum enda beri stefndi sönnunarbyrði fyrir því. Þvert á móti var um að ræða frávík frá því sem áður hafði verið um samið, þ.e. að greitt skyldi á lokagjalddaga bréfsins. Engin venja hafi verið fyrir því að greiða til stefnda fyrir gjalddaga. Því hafi verið um að ræða skuld milli tveggja aðila sem greidd var fyrir en eðlilegt var í skilningi ákvæðis 134. gr. laga nr. 21/1991 og riftun því heimil samkvæmt ákvæðinu. Með þessu var kröfuhafinn settur í betri stöðu en aðrir í sambærilegri stöðu og hann og verður að telja ráðstöfunina riftanlega samkvæmt því sem að framan segir.

Að mati stefnanda er einnig einsýnt að endurkaup skuldabréfsins hafi valdið honum tjóni. Lögformlegur og réttur gjalddagi skuldabréfsins var 15. október 2010 en þá var búið að taka bankann yfir með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 7. október 2008 og skipa skilaneftnd. Hvað skuldabréfaútgáfuna varðar liggur fyrir að aðrir kröfuhafar sem áttu skuldabréf og voru hluti hennar fengu ekki greitt og eiga aðeins almenna kröfu við slitameðferð stefnanda. Því sé ljóst að stefndi fékk greitt umfram aðra kröfuhafa í sömu stöðu og var þar með brotið gegn jafnræðisreglu skuldaskilaréttar. Stefnandi hafði þannig ekki til reiðu þá fjármuni sem notaðir voru við greiðslu skuldabréfsins og varð þannig fyrir tjóni sem þeirri fjárhæð nemur. Að sama skapi hagnaðist stefndi á greiðslu skuldarinnar fyrir gjalddaga skuldabréfsins, enda ljóst að stefnandi gat ekki efnt skuldbindingar sínar.

Fyrir liggur að krafa stefnda á grundvelli skuldabréfsins hefði ekki fengist greidd að fullu við slitameðferð stefnanda enda um almenna kröfu skv. 113. gr. gpl. að

ræða. Ljóst er að almennar kröfur verða ekki greiddar upp að fullu við slit stefnanda eins og áður er fram komið.

Til vara byggir stefnandi riftunarkröfu sína á 141. gr. laga nr. 21/1991. Hann vísar til þess að greiðsla hans til stefnda fyrir gjalddaga geri stefnda betur settan en aðra almenna kröfuhafa stefnanda og tilgangur riftunarreglna laga nr. 21/1991 sé að tryggja enn frekar að markmiði laganna um jafnræði kröfuhafa sé gætt.

Endurgreiðslukröfu sína byggir stefnandi á 142. gr. laga nr. 21/1991 og með vísan til þess ákvæðis krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda 997.561,07 dollara sem er sú fjárhæð er Glitnir greiddi stefnda þann 30. september 2008. Stefnandi krefst þess að framangreind fjárhæð verði greidd auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 1. desember 2011 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda 997.561,07 dollara auk dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. vxl. frá móttöku stefnu þessarar til greiðsludags.

Aðalkröfu sína um dráttarvexti byggir stefnandi á því að þann 1. nóvember 2011 hafi verið lýst yfir riftun gagnvart stefnda. Með hliðsjón af 3. mgr. 5. gr. vxl. byrja dráttarvextir að leggjast við höfuðstól frá 1. desember 2011, eða mánuði eftir að stefnandi krafði stefnda sannanlega um greiðslu.

Varakröfu sína um dráttarvexti byggir stefnandi á því að ef ekki er talið að riftunaryfirlýsing hans frá 1. nóvember 2011 sé talin gild í skilningi 3. mgr. 5. gr. vxl., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, þá sé rétt að miða við móttöku stefnu þessarar sbr. 4. mgr. 5. gr. vxl.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að hann beri að sýkna af dómkröfum stefnanda þar sem hann sé ekki réttur aðili að máli þessu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í því sambandi vísar stefndi til þess að hann hafi einungis verið í hlutverki milligönguaðila við viðskiptin og hin umdeilda greiðsla hafi borist Pembroke en ekki stefnda. Stefndi bendir enn fremur á að hann hafi gert stefnanda grein fyrir því að umdeild færsla hefði hvorki verið framkvæmd að frumkvæði stefnda né í þágu hans í svarbréfum við spurningum stefnanda 9. september 2011 og 14. október 2011 og að stefnanda hafi verið í lófa lagið að ganga úr skugga um að réttum aðila væri stefnt í máli þessu, þ.e. þeim aðila sem hlaut ætlaðan ávinning af hinni umdeildu ráðstöfun.

Stefndi byggir á því að ekki skipti máli í hvaða mynd greiðslan barst raunverulegum móttakanda og eftir hvaða leiðum. Þungamiðjan í beitingu riftunarreglna gjaldþrotaskiptalaga sé að rifta greiðslum gagnvart þeim aðila sem kann að hafa hagnast á kostnað annarra kröfuhafa. Riftun á greiðslu skuldar beinist ekki að þeim umbúðum sem notaðar voru til að greiða skuldina, heldur því að hnekkja greiðslunni sjálfri og endurheimta í peningum það sem raunverulegur kröfuhafi kann að hafa hagnast um. Í tengslum við hina umdeildu greiðslu í þessu máli sé sá aðili ekki stefndi, sem bar einungis lága umsýsluþóknun úr bótum í

viðskiptunum, heldur sá sem stefndi hafði milligöngu um viðskiptin fyrir.

Niðurstaða

Kröfur stefnanda í málinu lúta að riftun og endurgreiðslu vegna greiðslu sem innt var af hendi 30. september 2008. Stefndi krefst sýknu á þeim grunni að hann hafi eingöngu annast milligöngu fyrir hönd viðskiptavinar síns, Pembroke Capital Advisors Limited, í því tilviki sem um ræðir.

Ákvæði laga nr. 21/1991 byggja á því meginsjónarmiði að kröfuhafar skuli njóta jafnræðis hver gagnvart öðrum og eignum bús sé skipt milli þeirra að tiltölu að gættri rétt hæð krafna þeirra að lögum. Samkvæmt framangreindu er gengið út frá því í lögnum að þrotamanni sé óheimilt að ákveða upp á sitt eindæmi til hvaða kröfuhafa eignir hans eiga að renna þegar fyrir liggur að hann getur ekki staðið við skuldbindingar sínar. Geri þrotamaður hins vegar slíkar ráðstafanir er hins vegar kveðið á um það að unnt sé að rifta þeim í samræmi við ákvæði XX. kafla laganna.

Stefnandi reisir kröfu sína um riftun á 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt því ákvæði má krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri eða fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem skerti greiðslugetu þrotamanns verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Með því að stefnandi leysti til sín skuldabréfið sem um ræðir í þessu máli komust réttindi og skyldur samkvæmt því á sömu hendi. Féll krafan samkvæmt skuldabréfinu þar með niður samkvæmt meginreglu fjármunaréttar.

Ef riftun fer fram með stoð í 131.–138. gr. laga nr. 21/1991 er mælt fyrir um það í 142. gr. laganna að sá sem hafði hag af riftanlegri ráðstöfun skuli greiða þrotabúinu fé það sem svarar til þess er greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum.

Krafa stefnanda um að stefndi greiði honum stefnufjárhæð málsins er byggð á ákvæði 142. gr. laga nr. 21/1991. Af þeim sökum verður við úrlausn kröfu stefnanda og þá málsástæðu stefnda að hann sé ekki réttur aðili málsins, að leysa úr því hvort stefndi hafi haft hag af þeirri ráðstöfun sem stefnandi krefst riftunar á í skilningi 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991, að svo miklu leyti málatilbúnaður stefnanda byggist á 1. mgr. 134. gr. sömu laga.

Að mati dómsins verður að leggja sams konar sjónarmið um hvort ráðstöfun stefnanda hafi orðið stefnda til hagsbóta til grundvallar þegar leyst er úr því hvort stefndi eigi með réttu aðild að málinu að því er snertir þá málsástæðu sem stefnandi teflir fram til vara með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 21/1991. Ef skilyrði riftunar samkvæmt því ákvæði eru uppfyllt fer um réttaráhrif riftunarinnar eftir 3. mgr. 141. gr. laganna, en ákvæðið miðast við að sá sem hefur hag af riftanlegri ráðstöfun skuli greiða bætur eftir almennum reglum.

Eins og rakið hefur verið hér að framan kom fram í vitnisburði Matthews Edwards að stefndi hefði einungis verið milligönguaðili í þeim viðskiptum sem áttu sér stað milli umbjóðenda fyrhverandi vinnuveitanda hans og stefnanda. Af framburði vitnisins fyrir dómi og þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu um viðskipti aðila

verður enn fremur ráðið að stefndi hafi keypt skuldabréf stefnanda af Pembroke. Í útskrift af símtali vitnisins og starfsmanns stefnda sem átti sér stað kl. 16:33 þann 25. september 2008 kemur fram að vinnuveitandi stefnda hafi gert samning við Glitni um kaup á skuldabréfum fyrir hönd fjársterks aðila. Í framhaldinu spyr vitnið starfsmann stefnda gagnert hvort stefndi geti átt í beinum viðskiptum við Glitni. Starfsmaður stefnda staðfestir að svo sé og segir vitnið þá að Pembroke muni greiða stefnda þóknun fyrir vikið.

Fyrir dóminum liggur einnig útskrift annars símtals milli sömu aðila sama dag, sem átti sér stað kl. 16:37. Þar komast aðilar að samkomulagi um þóknun fyrir viðskiptin. Í málinu liggja enn fremur fyrir útskriftir úr skilaboðakerfi Bloomberg sem staðfesta að viðskiptin hafi átt sér stað.

Í kjölfarið mun sami starfsmaður stefnda síðan hafa rætt við JP Albin, starfsmann Glitnis. Í útskrift símtals þessara aðila sem átti sér stað kl. 16:45 þann 25. september 2008 kemur fram að Glitnir hafi keypt skuldabréf að verðmæti tæplega milljón bandaríkjadala. Þessi viðskipti eru síðan staðfest í viðskiptakerfi sem stefndi notaðist við, en útskrift úr því kerfi hefur verið lögð fyrir dóminn. Samkvæmt þeirri útskrift áttu viðskiptin milli stefnda og stefnanda Glitnis með umrætt skuldabréf sér stað tæplega fjórum mínútum eftir að viðskiptin milli Pembroke og stefnda fóru fram. Af útskriftinni er enn fremur ljóst að um sömu skuldabréf er að ræða.

Þegar litið er til þessara gagna málsins og vitnisburðar Matthews Edwards, fyrir dómi verður að leggja til grundvallar að stefndi hafi í reynd verið milligönguaðili í viðskiptum sem Pembroke átti fyrir hönd viðskiptavinar síns við stefnanda. Af gögnum málsins verður enn fremur ráðið að þóknun stefnda fyrir milligönguna hafi numið mismuninum á kaup- og sölugengi skuldabréfsins. Í ljósi þess að stefndi keypti skuldabréf stefnanda af Pembroke á genginu 99,025 og seldi það síðan aftur til Glitnis á genginu 99,125 nam þóknun stefnda fyrir viðskiptin 1.000 bandaríkjadöllum, eins og ráðið verður af samtímagögnum um viðskiptin. Þá liggur fyrir að skuldabréfið var einungis í eigu stefnda í nokkrar mínútur.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykir stefndi hafa fært fullnægjandi sönnur á það að hann hafi ekki haft hag af þeirri ráðstöfun sem stefnandi krefst riftunar á með þeim hætti sem gengið er út frá í málalíbúnaði stefnanda fyrir dómi. Stefndi telst því ekki réttur aðili málsins og er því sýknaður af þeirri kröfu með vísan til aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð einkamála.

Hvað þessa niðurstöðu snertir verður enn fremur að hafa í huga að stefnanda hefði sem fjármálafyrirtæki verið í lófa lagið að afla frekari gagna um aðkomu stefnda að viðskiptum Pembroke og Glitnis, enda bar honum samkvæmt ákvæði 2. mgr. 10. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, að varðveita í a.m.k. fimm ár gögn um öll viðskipti með fjármálagerninga sem hann framkvæmdi, hvort sem viðskiptin voru fyrir eigin reikning hans eða fyrir hönd viðskiptavina. Þá hafði stefnandi enn fremur ríkar heimildir til þess að afla upplýsinga um viðskiptin samkvæmt 80. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn, að teknu tilliti til umfangs þess, þ.á m. flutnings um frávísunarkröfu stefnda, 1.300.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til

virðisaukaskatts.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm. Dómari tók við málinu 25. ágúst 2015 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti af meðferð þess.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stefndi, Landesbank Baden-Württemberg, er sýknaður af kröfum stefnanda, Glitnis hf.

Stefnandi greiði stefnda 1.300.000 krónur í málskostnað.

Kjartan Bjarni Björgvinsson